

Fjarðabyggð
Hafnarbraut 2
730 Fjarðabyggð

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. sep. 2014 8.14.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. september 2014
Tilvísun: UST20140300218/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 21. ágúst 2014 þar sem áformað var að áminna Fjarðabyggð vegna fráviks á urðunarstað sveitarfélagsins í Þernunesi. Frávikið varðar að kröfur um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar í samræmi við ákvæði í viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Í bréfinu var rekstraraðila veittur frestur til 4. september 2014 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Engin svör hafa borist frá rekstraraðila.

Umhverfisstofnun veitir Fjarðabyggð áminningu fyrir frávik frá kröfum sem settar eru fram í 3. lið viðauka I í reglugerð nr. 738/2003, en þar er gerð krafa um verndun jarðvegs, grunn- og yfirborðsvatns með jarðfræðilegum tálma og botnþéttingu á urðunarstöðum. Áminningin er veitt í samræmi við 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir Fjarðabyggð úrbótafrest til 2. október 2014.

Sinni Fjarðabyggð ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 738/2003.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna fráviks frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

